

## Hvað boðar nýárs blessuð sól?



**Sigríður Ólína Haraldsdóttir**

[sigrohar@landspitali.is](mailto:sigrohar@landspitali.is)

Höfundur er lyf- og lungnalæknir starfandi á Landspítala Fossvogi.

### Stjórn Lí

Birna Jónsdóttir,  
*formaður*  
 Þórarinn Guðnason,  
*varaformaður*  
 Sigurveig Pétursdóttir,  
*gjaldkeri*  
 Sigríður Ó. Haraldsdóttir,  
*ritari*  
 Elínborg Bárðardóttir  
 Hjördís Pórey Þorgeirsdóttir  
 Kristján G. Guðmundsson  
 Sigurður Böðvarsson  
 Valgerður Rúnarsdóttir

Í pistlumum *Úr penna stjórnarmanna Lí* birta þeir sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.

Það eru blendnar tilfinningar sem hrærast með okkur í upphafi þess árs sem nú gengur í garð. Mörg hefðum við kosið að hægt væri að færa tím-ann aftur og upplifa fremur upphaf ársins 2007 eða jafnvel 2006. Þá höfðum við ekki áhyggjur af bankahruni, stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu eða stöðu þeirra sem missa vinnuna, íbúðina og spariféð sitt. Við lifðum góða tíma þar sem ríkti stórhugur. Á Íslandi voru byggðar virkjanir, hafin var bygging glæsilegs tónlistarhúss og mikil vinna var lögð í að skipuleggja byggingu og starfsemi nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Nú er allt breytt, óöryggi ríkir, enginn veit hvaða áhrif hrun fjármálamarkaðarins mun í raun hafa til lengri tíma lítið á það samfélag sem hér hefur verið byggt upp.

Nú ríður á að standa vörð um velferðarkerfið. Það er mikilvægt að við gerum okkur ljóst að hamfarir af því tagi sem dynja núna yfir geta haft margvísleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks. Íslenskt samfélag og Íslendingar eru ekki frábrugðnir öðrum, hér ríkja sömu lögmál og annars staðar, en erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á neikvæð áhrif atvinnumissis á heilsu. Undanfarið hefur verið rætt um niðurskurð á útgjöldum ríkisins. Ég teldi það feigðarspor að skera umtalsvert niður útgjöld til heilbrigðismála á þeim tímum sem framundan eru. Við verðum að tryggja góða heilbrigðisþjónustu fyrir alla og við verðum að geta brugðist við þeim andlegu og líkamlegu kvillum sem upp kunna að koma í kjölfar þessa álagstíma.

Bygging nýs háskólasjúkrahúss er mikilvæg á þessum tímum. Leitt hefur verið líkum að því að það kosti meira fé að reka háskólasjúkrahúsið í núverandi húsnæði en að byggja nýtt. Uppbyggingin sjálf er atvinnuskapandi og myndi auk þess efla áhuga ungs fólks á þeim fjölmörgu störfum sem fylgja rekstri stórs sjúkrahúss sem hefur tengsl við vísinda- og fræðasamfélag háskólanna. Áhugi á menntun í heilbrigðistengdum greinum myndi án efa aukast, unga fólkíð sæi fram á spennandi nám hér á landi og myndi síður flytjast af landi brott til náms og starfa.

Mjög brýnt er að við stöndum vörð um laun og kjör okkar. Við verðum að njóta svipaðra kjara og læknar í löndunum í kringum okkur. Það verður að vera eftirsóknarvert fyrir lækna að starfa hér á landi og fyrir unga lækna, sem lokið hafa sérnámi erlendis, að snúa heim til starfa á Íslandi.

Í haust sótti ég alþjóðlegt þing þeirra sem starfa við lækningu og umönnun þeirra sem hafa öndunarfærasjúkdóma og var því erlendis þegar fjármálakerfi Íslands hrundi. Mikili af því sem ég heyrði þar var merkilegt en margt er því miður gleymt eins og gengur þegar hlustað er á marga fyrirlestra á dag í tæpa viku. Einn fyrirlesturinn var þó ógleymanlegur. Þar talaði Michael Bloomberg, borgarstjóri New York borgar, sem er ötull baráttumaður gegn reykingum. Hann lagði áherslu á þau gríðarmiklu áhrif sem reykingar hafa á líf og heilsu fólks og hve miklu við gætum breytt ef við útrýmdum þeim. Hann vitnaði í nýja skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um reykingar, en þar segir meðal annars að reykingatengdir sjúkdómar muni draga fleiri til dauða á þessu ári í heiminum en malaría, eyðni og berklar til samans. Það er hægt að koma í veg fyrir reykingatengda sjúkdóma. Við verðum að koma unglíngunum í skilning um hvílikt glapræði það er að byrja að reykja. Kannanir sýna að enn reykja um 10% íslenskra ungmenna sem eru í 10. bekk. Nýleg könnun Gallups hér á landi sýnir að fjórðungur fólks á aldrinum 20-29 ára reykir. Hvað erum við læknar að gera til að breyta þessu? Getum við gert betur? Hingað til hefur það verið fest í lögum um tóbaksvarnir að stjórnvöldum sé skylt að verja ákveðnu hlutfalli af ágóða sínum af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna. Það er mikilvægt að fé til tóbaksvarna sé tryggt með þessum hætti. Læknar eiga í auknum mæli að stuðla að forvörnum og það er á ábyrgð okkar að leiðbeina heilbrigðisyfirvöldum um leiðir til að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Gleðilegt nýtt ár.